



BLÖNDUÓSBÆR
Hjúkabyggð 33 | 540 Blönduós | Sími 455-4700



YFIRLITSRÆÐA SVEITARSTJÓRA MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021



I. Inngangur

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 var lögð fram til fyrri umræðu 1. desember 2020 og er til endanlegrar afgreiðslu við síðari umræðu 15. desember 2020. Þriggja ára áætlun var lögð til fyrri umræðu á sama fundi sveitarstjórnar og var henni vísað til síðari umræðu og afgreiðslu í sveitarstjórn á sama tíma.

Nokkrar lykiltölur og forsendur fyrir árið 2021.

- Rekstur fyrir fjármagnsliði 2021 er neikvæður um 39. mkr. Útkomuspá fyrir árið 2020 gerir ráð fyrir halla uppá 71 m.kr. Rekstur fyrir fjármagnsliði var jákvæður um 68. m.kr. árið 2019.
- Fjármagnsliðir eru áætlaðir 57 milljónir 2021 en voru 45. mkr. 2019.
- Rekstrarniðurstaða er áætluð neikvæð um 96 milljónir árið 2021 en var jákvæð um 23 m.kr. 2019. Útkomuspá fyrir árið 2020 gerir ráð fyrir 121 milljóna kr. halla af rekstri Blönduósbæjar.
- Veltufé frá rekstri er áætlað neikvætt um 3 m.kr. 2021. Var jákvætt um 121 m.kr. 2019. Útkomuspá fyrir árið 2020 gerir ráð fyrir 11. mkr. veltufé frá rekstri.
- Gert er ráð fyrir 2,7% meðal-verðbólgu á árinu 2021, samkvæmt spá.

Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir hækkun launavísitölu á ársgrundvelli, samkvæmt þjóðhagsspá. Launakostnaður 2019 var 578 m.kr., útkomuspá 2020 gerir ráð fyrir 622 m.kr launakostnaði en fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir 669 m.kr. launakostnaði.

Launahækkanir hafa verið umtalsverðar á yfirstandandi ári og munu einnig verða fram á næsta ár, í kjölfar svokallaðra lífskjarasamninga, og kemur sú hækkun á sama tíma og tekjur eru að lækka vegna heimsfaraldurs Covid-19.

Sveitarfélagið hefur leytast við að halda framkvæmdum áfram, og var minni tekjum á árinu mætt með lántöku til að dreifa niðursveiflunni til lengri tíma. Áhersla hefur verið lögð á að halda áfram með stærstu fjárfestingu síðari ára, sem er verknámshús við Blönduskóla, og eru áætluð verklok þar á næsta ári.

II. Íbúapróun


Íbúapróun hefur verið nokkuð stöðug ef litið er til síðustu ára og hefur íbúum fjölgað síðustu 3 ár. Íbúum hefur fjölgað um 19 frá 1. janúar sl. og voru 957 íbúar í byrjun desember 2020.

Sveitarfélag	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	Mism. á 10 árum	
Blönduósþéttbýli	904	871	878	881	861	865	866	895	939	938	34	3,8%
Skagaströnd	530	504	506	498	488	489	479	482	452	473	-57	-10,8%
Húnavatnshreppur	417	412	405	409	414	403	408	383	371	371	-46	-11,0%
Skagabyggð	105	104	100	98	99	109	101	93	90	90	-15	-14,3%

Samtals 1.956 1.891 1.889 1.886 1.862 1.866 1.854 1.853 1.852 1.872 **-84** **-4,3%**

Íbúatala 1. janúar ár hvert

Hér að neðan má sjá íbúapróunina í héraðinu. Íbúum Blönduós hefur fjölgað en íbúum hefur fækkað í öðrum sveitarfélögum. Íbúum héraðsins hefur fækkað um 84 á síðustu 10 árum eða um -4,3%.



Íbúar á Blönduósi voru 938 samkvæmt tölum frá Þjóðskrá þann 1. janúar 2020. **Íbúatala þann 1. desember 2020 var 957.** Árið 2011 voru íbúar Blönduósþéttbýlis um 46,2% af íbúum A-Húnavatnssýslu. Hlutfall íbúa Blönduósþéttbýlis í desember 2020 er 50,6% af íbúum A-Húnavatnssýslu.

III. Skatttekjur, Jöfnunarsjóður og aðrar tekjur**Skatttekjur:**

2019 Rauntölur	2020 Útkomuspá	2021 Áætlun
904.380	909.063	959.420

Skatttekjur Blönduósbæjar aukast á milli áranna 2020 og 2021 um 50 m.kr. eða um 5,5%. Tekjuaukning milli áranna 2019 og 2021 er 55 mkr. eða 6,1% hækkun á því tímabili.

Nánari sundurliðun skatttekna:**Útsvar:**

Miðað er við að útsvarshlutfall fyrir árið 2021 verði hámarksútsvar, þ.e. 14,52% af útsvarsstofni.

Stuðst var við upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og jöfnunarsjóði Sveitarfélaga við áætlun útsvars auk áhrifa af kjarasamningsbundnum hækkunum sem reiknaðar voru til hækkunnar. Áætlaðar tekjur vegna útsvars verði 518 milljónir.

Fasteignaskattur:

A-flokkur - af fasteignamati íbúðarhúsnæðis	0,50%
B-flokkur - af fasteignamati bygginga í opinberri eigu	1,32%
C-flokkur - af fasteignamati annarra eigna	1,65%

Fasteignaskattur 2021 er áætlaður: 114,8 millj. kr.

Vatnsgjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna er 0,275% af fasteignamati allra húsa og lóða. Aukavatnsgjald sem greitt fyrir hvern rúmmeter að 50.000 rúmetrum er 20 kr. á rúmmetra(m³) og er tengd við byggingarvísitölu 119,3

stig í desember 2013. Afsláttur til stórnotenda verður 25% fyrir notkun umfram 50.000 m³ og 5% auka yfir hverja 25.000 m³ umfram það. Fráveitugjald er 0,25% af fasteignamati húss og lóðar. Lóðarleiga er 2% af fasteignamati lóðar fyrir íbúðarhús. Leiga fyrir ræktunar- og beitarlönd er 7.650 kr/ha. Lágmarks lóðarleiga fyrir ræktunar- og beitarlönd er kr. 10.250. Fasteignagjöld hækka um 8% á milli ára.

Sorphirðugjald er kr. 23.500 kr/íbúð og sorpeyðingargjald er 23.500 kr/íbúð. Sorphirðugjald og sorpeyðingargjald er því samtals kr. 47.000 fyrir árið 2021. Sorpeyðingargjöld á sumarhús, hesthús og gripahús í þéttbýli verða kr. 23.500. Sorpgjöldin hækka um 3,5% á milli ára.

Jöfnunarsjóður:

Framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð á milli ára og er gert ráð fyrir 326.655 þús.kr. framlagi frá Jöfnunarsjóði. Framlög Jöfnunarsjóðs nema um 25,5% af tekjum samstæðunnar og er það svipað og á síðasta ári.

Gjaldskrár:

Í fjárhagsáætlunargerð 2021 var reynt að stilla gjaldskrárbreytingum í hóf.

- Álagningarprósenta íbúðarhúsnæðis er óbreytt 0,50%, holræsagjald er óbreytt 0,25% og vatnsskattur er óbreyttur, 0,275%. Álagning á C-flokk er óbreytt 1,65%.
- Gjaldskrá leikskóla 2,7% hækkun
- Gjaldskrá skóladagheimilis 5,9% hækkun
- Gjaldskrá skólamáltíða leikskóla 10,6% hækkun
- Gjaldskrá skólamáltíða Blönduskóla 5,7% hækkun
- Gjaldskrá um gæludýrahald hækkar um 2,7%
- Gjaldskrá Blönduskóla hækkar um 2,5%
- Gjaldskrá vegna sorphirðu hækkar um 3,5%
- Gjaldskrá á gámaplani hækkar um 25%
- Gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús er að mestu óbreytt.
- Gjaldskrá vegna aukavatnsgjalds er 20 kr.m³. Gjaldskráin tekur breytingum miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í desember 2013, 119,3 stig, og verður því 25,01 krónur árið 2021.
- Húsaleiga fylgir vísitölu og er breytt á 3ja mánaða fresti.

Lántökur og afborganir lána:

Gert er ráð fyrir lántöku að upphæð 200 m.kr. Afborganir langtímalána verði um 142 m.kr. Stefnt er að því að handbært fé verði um 15 m.kr. í árslok 2021. Veltufé frá rekstri verður 0% á árinu 2021.

Langtímaskuldir munu hækka um 105 milljónir á árinu 2021.

Veltufé frá rekstri og skuldbindingar:

Veltufé frá rekstri A og B hluta er -3 m.kr. en var 11 milljónir á árinu 2020 að teknu tilliti til útkomuspár fjárhagsáætlunar þess árs. Reiknað er með að langtímaskuldir samstæðunnar verði 1181 m.kr. í árslok 2021, en voru 926 m. kr. í árslok 2019. Skammtímaskuldir eru áætlaðar 212 milljónir en þær voru 241 milljónir í árslok 2019. Gert er ráð fyrir að lífeyrisskuldbindingin hækki um 23 milljónir á milli áranna 2020 og 2021.

Fjárfestingar

Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 136 m.kr. á árinu 2021. Lokið verður við nýbyggingu við Blönduskóla fyrir verknámsgreinar og er það stærsta einstöka framkvæmd sveitarfélagsins.

Gert er grein fyrir fjárfestingum á sérstöku fjárfestingarblaði.




Byggt við Blönduskóla. Myndin er frá nóvember 2020.

IV. Samantekt á rekstri málaflokka

	2016	2017	2018	2019	2020	2021
	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Útg.spá	Áætlun
02 Félagsþjónusta	62.832	64.095	75.633	86.300	101.353	105.300
03 Heilbrigðismál	2.043	2.082	2.130	2.198	2.254	2.319
04 Fræðslu- og uppeldismál	355.464	378.138	430.123	470.533	539.922	577.248
05 Menningarmál	20.746	28.512	26.175	31.017	28.023	31.105
06 Æskulýðs- og íþróttamál	165.625	169.622	179.653	185.059	196.365	200.325
07 Brunamál og alm.varnir	15.926	14.756	16.405	29.849	37.409	40.482
08 Hreinlætismál	14.531	11.310	13.200	15.990	14.092	11.741
09 Skipulags- og bygg.mál	13.980	24.129	14.067	21.480	27.625	25.756
10 Umferðar- og samg.mál	22.005	19.492	21.492	26.782	31.049	27.363
11 Umhverfismál	15.100	16.825	18.545	20.965	22.004	28.929
13 Atvinnumál	17.927	18.323	19.607	20.477	22.012	23.097
21 Sameiginl. Kostn.	83.772	84.619	100.970	86.063	86.864	92.079

Þróun útgjalda á málaflokkum á árunum 2016-2021




Rekstrarleg afkoma

Blönduósbær samanburður frá 2017 til 2021

	2017	% af tekjum	2018	% af tekjum	2019	% af tekjum	2020 *	% af tekjum	2021 **	% af tekjum
Tekjur samtals:	1.000.278		1.071.984		1.232.555		1.213.604		1.279.373	
Laun og launatengd gjöld	514.324	51,4%	555.651	51,8%	606.904	49,2%	651.391	53,7%	698.796	54,6%
Annar rekstrarkostnaður	375.472	37,5%	409.600	38,2%	496.733	40,3%	562.569	40,3%	544.423	42,6%
Rekstrarkostnaður samtals:	889.796	89,0%	965.251	90,0%	1.103.637	89,5%	1.213.960	89,5%	1.243.219	97,2%
Framlegð	110.482	11,0%	106.733	10,0%	128.918	10,5%	-356	0,0%	36.154	2,8%

* Útg.spá

** áæt. næsta árs



Tekjur Blönduósbæjar frá árinu 2017 eru áætlaðar um 28% hærrí á árinu 2021 miðað við áætlun. Rekstur hefur á sama tímabili hækkað um 40%.


V. Þriggja ára áætlun:

Í þriggja ára áætlun sveitarfélagsins 2022-2024 kemur fram að miðað er við að reksturinn komist að nýju í jafnvægi. Helstu atriði þriggja ára áætlunar eru:

- Skuldir standa í stað.

- Framkvæmdir sveitarfélagsins verða yfir 50. mkr. á ári árin 2022-2024.

Þróun heildarskulda og skuldbindinga Blönduósbæjar innan samstæðunnar frá 2009 til 2019 og áætlun fyrir 2020 og 2021 og til 2024 með og án lífeyrisskuldbindinga í hlutfalli við tekjur eða svokölluð skuldahlutföll má **sjá á mynd hér að neðan:**



Lífeyrisskuldbindingar eru um 25% af heildarskuldum Blönduósbæjar. Skuldahlutfall Blönduósbæjar án lífeyrisskuldbindinga er áætlað um **109%** í lok næsta árs. Skuldaviðmið samkvæmt sveitarstjórnarlögum er áætlað að verði **119%** í árslok 2021.



Gamla Blöndubrúin sandblásin og máluð. Hún verður göngbrú í Hrútey frá árinu 2021.

VI. Lokaorð

Fjárhagsáætlun 2021 er unnin í því erfiða umhverfi sem rekstur sveitarfélaga er í á tímum covid 19. Mörg viðfangsefni bíða sveitarfélagsins í nánustu framtíð og því er mikilvægt að halda vel utan um það sem við höfum, og huga vel að þeim fjárfestingum og þeirri innviðauppbýggingu, sem nauðsynleg er, og fylgir fjölgun íbúa og aukinni atvinnustarfsemi á svæðinu. Við þær aðstæður er óhjákvæmilegt að auka skuldir sveitarfélagssins tímabundið, en það skilar sér fljótt til baka með auknum tekjum, bæði með útsvari, og auknum tekjum af atvinnustarfsemi.

Á undanförunum áratugum hefur sveitarfélagið ráðist í miklar fjárfestingar á íþróttamannvirkjum, leikskóla, grunnskóla, Félagsheimilinu, fráveitu og við endurskipulagningu í úrgangsmálum, svo eitthvað sé nefnt, sem og margar aðrar viðhaldsframkvæmdir í sveitarfélaginu s.s. malbikun gatna ofl.þ.h.

Fjárfestingar og rekstur sveitarfélagsins bera þess merki að í dag er uppi gjörólík rekstrarstaða en á undanförunum árum. Það sést best á því að sveitarfélagið er farið að ráðstafa mun meira fjármagni til fjárfestinga en áður og nú er lögð meiri áhersla á viðhald fasteigna sveitarfélagsins sem og mörg brýn umhverfisverkefni s.s. uppbygging skólalóðar. Stærsta einstaka fjárfesting yfirstandandi árs, og næsta árs hjá sveitarfélaginu, er uppbygging verknámsaðstöðu við Blönduskóla, auk annarar kennsluáðstöðu sem er áætlað að kosti um það bil 300 milljónir króna á 4 ára tímabili.

Nú þarf síðan að huga að stækkun leikskóla, og mun hefjast þarfagreining og undirbúningsvinna, fyrir það ánægjulega verkefni, strax á næsta ári.

Við mat á rekstri sveitarfélaga er ekki nægjanlegt að horfa eingöngu til reksturs og skulda sveitarfélags heldur þarf jafnframt að horfa til þarfa á innviðafjárfestingu í viðkomandi sveitarfélagi og hvaða lagakröfur eru uppi sem leggja kröfur á sveitarfélög að leggjast í frekari fjárfestingar. Þegar horft er til þessara þátta er staða Blönduósbæjar nokkuð sterk og innviðir sveitarfélagsins eru öflugir. Helstu innviðir eru fyrir hendi sem sveitarfélag þarf í sinni grunnstarfsemi, og því mögulegt að fjölga íbúum umtalsvert án þess að þurfa að leggja í miklar fjárfestingar til þess að mæta þeirri fjölgun.

Sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu, auk SSNV, hafa unnið ötullega að því að leita leiða við að efla atvinnulífið á svæðinu með sköpun nýrra starfa á Norðurlandi vestra m.a. með nýtingu raforku sem framleidd er í Blönduvirkjun. Markmiðið er að efla samkeppnishæfni svæðisins og jafnframt vinna að markaðssetningu svæðisins sem iðnaðarkosts. Nú hefur risið eitt nútímalegasta gagnaver landsins á Blönduósi, og í framhaldi af því þarf að nýta þá vinnu sem unnin hefur verið, og þá athygli sem þessi framkvæmd vekur til þess að efla atvinnuíf, *enn frekar*, bæði í tengdri starfsemi og í annari óskyldri starfsemi til þess að auka fjölbreytni starfa. Þá hefur verið unnið að því að markaðssetja svæðið sem áhugaverðan áfangastað fyrir ferðamenn, innlenda sem og erlenda, með þáttöku í ACW, og fleiri verkefnum.

Áætlunin gerir ráð fyrir talsverðum rekstrarhalla árið 2021 og þarf að vinna að því að gera reksturinn hallalausan á næstu árum. Ljóst er að sumar forsendur fjárhagsáætlunar 2021 eru óljósar en þá skiptir líka máli að geta brugðist við til þess að mæta óvissuþáttum í okkar umhverfi. Gert er ráð fyrir því að staðan verið tekin fyrir mitt næsta ár, og gerðar viðeigandi ráðstafanir.

Við gerð þessarar fjárhagsáætlunar var, eins og áður, mjög treyst á vinnu deildarstjóra og annara stjórnenda Blönduósbæjar. Ég vil þakka fyrir vinnu þeirra við þessa fjárhagsáætlun. Þeir sýna almennt ábyrgð varðandi sínar áætlanir og óskir um viðbót eða nýmæli. Þá vil ég þakka byggðaráði og sveitarstjórn góða samvinnu og ítreka mikilvægi þess að kjörnir fulltrúar nái saman um stóru myndina, *um framtíðarsýn sveitarfélagsins*, og hvernig við viljum byggja upp áhugavert samfélag, bæði fyrir íbúana og atvinnulífið.

Það eru því krefjandi tímar framundan, hjá Blönduósbæ, eins og hjá öllum öðrum sveitarfélögum landsins, en von er á bjartari tíma með hækkandi sól.

Blönduósi, 15. desember 2020

Valdimar O. Hermannsson

Sveitarstjóri Blönduósbæjar